

Nýdoktorsstaða (PostDoc) í rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum vegna breytinga á jökulfargi

Veðurstofa Íslands auglýsir hér með tveggja ára (2012–2013) nýdoktorsstöðu í jarðeðlis- og jöklafræði lausa til umsóknar í samvinnu við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Nýdoktorinn mun taka þátt í norræna öndvegissetrinu SVALA og vinna við mælingar og túlkun gagna, rannsóknir á jöklafræðilegum ferlum, þróun jarðkerfislíkana (Earth systems models, ESM) og spár um breytingar á jöklum á næstu áratugum og öldum. SVALI er norrænt öndvegissetur (<http://www.ncoe-svali.org>) sem styrkt er af norrænu Öndvegisrannsóknáætluninni („Top-level Research Initiative“, sjá hér að neðan). Staðan er meðal 15–20 doktors- og nýdoktorsstaða sem auglýstar verða á vegum SVALA af norrænum rannsóknarstofnunum og háskólum.

Rannsóknarviðfangsefnið er þróun tölulegra líkana af jarðskorpuhreyfingum vegna breytinga á jökulfargi á Íslandi. Nýtt mat á jarðskorpuhreyfingum (byggt á GPS og InSAR mælingum), og nýjar mælingar og líkanreikningar á breytingum á massa jökla verða notuð til þess að þróa töluleg líkön af jarðeðlisfræðilegum eiginleikum jarðskorpu og möttuls undir Íslandi. Í verkefninu er einnig ætlunin að fást við: (1) rannsóknir á jöklabreytingum á Íslandi frá Litlu ísöld, (2) mat á jarðskorpuhreyfingum á grundvelli upplýsinga um breytingar á sjávarborði, og (3) greiningu á þyngdarbreytingum vegna breytinga á massa jöklanna.

Í SVALI verkefninu er fengist við rannsóknir á jöklum við Norður-Atlantshaf, m.a. á Grænlandi og Svalbarða, auk Íslands. Nýdoktorinn mun starfa náíð með rannsóknarhópum í SVALA og sækja námskeið og vinnufundi sem skipulagðir eru á vegum verkefnisins.

Umsækjendur skulu hafa: (1) doktorsgráðu í jarðeðlisfræði eða skyldum greinum þegar starfið hefst (snemma árs 2012), (2) góðan bakgrunn í eðlisfræði og stærðfræðigreiningu, og (3) góða færni í tölvuforritun og tölvuvinnslu (Unix/Linux). Góðir samskiptaeiginleikar og hæfni til ritunar vísindagreina er áskilið.

Umsækjandinn mun starfa á Veðurstofu Íslands í nánu samstarfi við vísindamenn á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og samstarfsaðila í SVALA og hefja störf snemma árs 2012. Upphaf starfsins er sammingsatriði.

Umsóknarfrestur er **27 desember 2011**.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknum sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skal skila á rafrænu formi með tölvupósti til „borgar@vedur.is“. Umsóknum skulu fylgja nöfn tveggja manna sem geta gefið

umsögn um umsækjanda. Umsóknir og fylgiskjöl sem ekki er unnt að skila á stafrænu formi sendist í tvíriti til „Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík“. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um veitingu stöðunnar.

Frekar upplýsingar veita Tómas Jóhannesson, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands (tj@vedur.is, sími 522-6000), Jórunn Harðardóttir, framkvæmdastjóri Úrvinnslu- og Rannsóknasviðs (jorunn@vedur.is, sími 522-6000), Borgar Ævar Axelsson, starfsmannastjóri (borgar@vedur.is, sími 522-6000), og Freysteinn Sigmundsson, sérfræðingur, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands (fs@hi.is, sími 525-4491).

Norræna Öndvegisrannsóknáætlunin og SVALI

Staðan er auglýst sem hluti af verkefninu „Stability and Variations of Arctic Land Ice“ (SVALI) undir norrænu *Öndvegisrannsóknáætluninni* („Top-level Research Initiative“, TRI, <http://www.toppforskningsinitiativet.org>). TRI áætlunin er stærsta samnorræna rannsóknaráttak sem Norðurlöndin hafa staðið að og snýr að loftslagi, umhverfi og orku. SVALI er norrænt öndvegissetur („Nordic Centre of Excellence“, NCoE) innan TRI undirráætlunarinnar *Víxlverkanir milli loftslagsbreytinga og freðhvólfs jarðar* („Interaction between Climate Change and the Cryosphere“, ICCE), sem miðar að því að bæta skilning á stöðugleika, breytingum og aflfræði freðhvólfsins.

Markmið SVALA eru: (1) að meta breytingar á rúmmáli og massa jökla á Norður-Atlantshafs- og Norðurskautssvæðunum nú og spá fyrir um þessar breytingar í framtíðinni, (2) að greina afleiðingar af minnkun jökulíss á sjávarborð og hringrás heimshafanna, og (3) að greina samfélagslegar afleiðingar jöklabreytinga nú og í framtíðinni. Rannsóknarstöður innan SVALA eru auglýstar alþjóðlega með opnum auglýsingum. TRI áætlunin stefnir að því að auka að hreyfanleika vísindamanna innan Norðurlandanna og milli Norðurlanda og annarra landa. Þegar umsækjendur eru metnir jafn hæfir munu umsækjendur frá öðru landi en auglýsir stöðuna njóta forgangs.